

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 137

11. desember 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans 11. desember 2024 kl. 8:30.

Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Samþykkt fundargerðar

Formaður stjórnar setti 137. fund stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar og var hún samþykkt og undirrituð.

2. Útkomuspá og rekstraráætlun 2025

Lögð var fyrir fundinn rekstraráætlun ársins 2025. Rekstraráætlun fyrir árið 2025 borin upp til samþykktar og hún samþykkt einróma.

3. Nemendagarðar MB

Stjórnarformaður og skólameistari kynntu gang mála við uppbyggingu nemendagarða MB, í samvinnu við dvalar- og hjúkrunarheimilið Brákarhlíð. Sótt var um stofnframlag til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar. Niðurstaða umsóknarinnar barst 13. nóvember sl. Krafa sjóðsins er að stofnuð verði sjálfseignarstofnun um nemendagarðana (hses) og hefur verið leitað til Opus lögmanna um lagalega aðstoð við stofnun. Drög að samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar lögð fyrir stjórn MB með kynningu. Samkvæmt samþykktum skal skipa fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar skipað 12 manneskjum (sjö f.h. MB og 5 f.h. Borgarbyggðar).

Stjórn MB samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun: „*Stjórn samþykkir framlögð drög að samþykktum fyrir óstofnað félag Nemendagarða MB hses. og felur skólameistara að undirbúa stofnfund húsnæðissjálfseignarstofnunar í samvinnu við Borgarbyggð, sem er annar stofnaðila. Samkvæmt 6. gr. samþykta og 7. gr. laga um almennar íbúðir þá tilnefnir Menntaskóli Borgarfjarðar sjö fulltrúa í fulltrúaráð félagsins. Stjórn gerir tillögu um að skipan byggji á því að tilnefna fimm aðila úr stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar hverju sinni ásamt tveimur starfsmönnum Menntaskólans. Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar lítur einnig svo á að fulltrúi í stjórn Nemendagarða hses. sé starfandi formaður stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar hverju sinni. Að framansögðu er það tillaga stjórnar að tilnefna eftirfarandi aðila í fulltrúaráð óstofnaðs félags Nemendagarða MB hses; Flosi Hrafn Sigurðsson, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt, Veronika Guðrún Sigurvinsdóttir og Lilja S. Ólafsdóttir. „*



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

4. Skólastarf

Farið var yfir skólastarf á haustönn 2024.

5. Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 10:05